



## Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 7. febrúar 2025.

**Efni:** Umsögn knattspyrnu- og þróunarnefndar KSÍ vegna tillögu um áminningar og leikbann (Þingskjal 9).

KPN tekur ekki undir þær tillögur sem varða fjölgun áminninga til leikbanns. Ef hinsvegar á að fara þessa leið að þá eigi ekki að fara í þrepaskiptingu. Fremur eigi að miða við hámarksfjölda og miða við 5 spjöld vegna fjölgunar leikja í þessum deildum. Nefndin sér ekki ástæðu til breytinga í Lengjudeild (umpilsleikjum). Nefndin ítrekar það að hlutverk gulra spjalda er að koma í veg fyrir grófan leik og vernda leikmenn gegn grófum leik sem og að sporna gegn óþróttamannslegri hegðun leikmanna og forráðamanna liða.

Nefndin telur að leikmenn ættu ekki að þurfa að taka út leikbönn frá Íslandsmótinu árið áður í leikjum í Meistarakeppni KSÍ. Einnig telur nefndin að leikmenn eiga að ekki að taka með sér áminningar frá Meistarakeppni KSÍ inn í næsta Íslandsmót. Fáir leikmenn rautt spjald í Meistarakeppninni, þá taka þeir út bann í Íslandsmótinu.

Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ